

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorpstöð Rangárvallasýslu Strönd.



Dags eftirlits	28.5.2014	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Sorpstöð Rangárvallasýslu	Fulltrúi UST	
Heimili	Suðurlandsvegi 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6008932469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Ingi Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ómar Sigurðsson	Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Skipulag og umgengni á urðunar- og geymslusvæðum á Strönd er í lagi. Bygging skemmu fyrir flokkun og umhleðslu er hafin. Rekstraraðili hefur sent inn umsókn um starfsleyfi en umsóknin reyndist ófullnægjandi og getur starfsleyfisgerð því ekki hafist af þeim sökum. Skv. samp. úrbótaáætlun átti að koma upp fullnægjandi skammtímastæði fyrir ónýta bíla fyrir 1.6.sl., en það náðist ekki og er því um frávik að ræða. Önnur frávik eru í samþykktum farvegi þ.e. niðurstöður mælinga á vatni áttu að berast fyrir 1.5.sl. en bárust eftir beiðni þar um, kröfur er varða þéttigar, jarðfræðilegan tálma o.fl. og hluti meðhöndlunar úrgangs er ekki í réttum farvegi en með nýju starfsleyfi ætti að finnast lausn á þeim frávikum. Ekki gafst tími til að útkljá hauggasmál rekstraraðila að þessu sinni en farið verður í þau í næsta reglubundna eftirliti í september nk.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var stuttur fundur með rekstraraðila og síðan voru geymslu- og urðunarsvæði að Strönd skoðuð. Á fundi var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rekstur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu frá síðasta eftirliti og þær breytingar sem framundan eru með nýju starfsleyfi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Samþykkti úrbótaáæltun rekstraraðila frá 27.5.13 þar sem ætlunin var að koma upp hæfilegri skammtíma-geymsluaðstöðu f. 1.6.2014. Einnig skv. 1. tl. 1. viðauka reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja skulu (geymslu)stæði bíla steypit eða malbikuð o.fl.	Sem fyrir voru örfáir bílar á malarlöögðu geymslusvæði.
Ákv. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi.	Niðurstöður mælinga á vatni frá urðunarsvæðinu á Strönd f. árið 2013
Jafnframt er minnt á (ákv. 3.3) að bárust ekki f. 1.5.sl. Eftir beiðni þar um bárust niðurstöðurnar.	bárust ekki f. 1.5.sl. Eftir beiðni þar um bárust niðurstöðurnar.
rekstraraðili skal einnig senda Heilbr.eftirliti niðurstöðurnar.	

ATHUGASEMDIR

Eftirlitsaðili hvetur rekstraraðila til að leggja allt kapp á að ljúka fullnægjandi starfsleyfisumsókn. Mengunarvarnakröfur fyrir urðunarstaði hafa legið fyrir allt frá árinu 2003 með reglug. nr. 738/2003 um urðun úrgangs og bar rekstraraðila að fullnægja kröfum er varða þéttigar, jarðfræðilegan tálma og söfnun sigvatns fyrir mitt ár 2009. Allt frá þeim tíma hefur eftirlitsaðili lagt ríka áherslu á að rekstraraðili fari að þessum kröfum enda óábyrgt að standast ekki kröfur hvað snertir mengun jarðvegs og vatns. Á síðasta ári féllest rekstraraðili á að sækja um nýtt starfsleyfi og gerði ráð fyrir að senda inn starfsleyfisumsókn í apríl sl. Umsókn barst í maí en hún var ekki fullnægjandi.

Ekki gafst tími til að útkljá hauggasmál rekstraraðila að þessu sinni, bæði hvað snertir reglubundnar mælingar sem og söfnun hauggass. Með nýrri reglugerð, nr. 294/2014 var gerð breyting á reglugerð um urðun (nr. 738/2003) þar sem endanlega var skorið úr um tilhögun hauggassmála urðunarstaða. M.a. var rekstraraðilum gefinn kostur á að uppfæra upplýsingar

um hauggaslosun á urðunarstöðum til 1.6.2014. Upplýsingar um hauggaslosun bárust frá rekstraraðila þ. 30.5.sl. en ekki gafst tími til að yfirfara þær eða önnur nauðsynleg gögn nú. Málið verður því tekið fyrir í næsta reglubundna eftirliti í september nk.

ANNAÐ

Eins og fram kemur hér að ofan í athugasemnum hefur rekstraraðili ekki uppfyllt kröfur er varða mengunarvarnir vegna vatns og jarðvegs, sjá reglug.nr.738/2003, viðauka I., gr. 3. um þétingu botns og hliða og jarðfræðilegan tálma. Sjá einnig kröfur er gerðar eru um söfnun og meðhöndlun sigvatns.

Sem fyrr er starfsemi að Strönd ekki í samræmi við löggjöf, hvað snertir meðhöndlun móttakins úrgangs (m.a. móttaka á spilliefnum), að nokkru leytí er ástæðan óskýr eða röng skilyrði í starfsleyfi (sjá eftirlitsskýrslu frá 14.11.2013).

Reykjavík, 16.07.2014



Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.